

# Fundargerð 3. fundar

## Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2019, miðvikudaginn 30. janúar, kl. 12 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Lovísa Traustadóttir, Garðar Smári Gunnarsson, Þórdís Kristinsdóttir Bakkmann, Elísabet Valgeirsdóttir, Sigurður Þ. Ragnarsson, Helga Björg Arnarsdóttir og Rannveig Einarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar lögð fram.

### 2. Staða verkefnisins.

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu fór yfir stöðu verkefnisins. Fram kemur að byggingin verður tilbúin í apríl/maí.

### 3. Framkvæmdasjóður aldraðra.

Borist hefur bréf frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem vísað er í umsókn Hafnarfjarðarbæjar um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 2018. Sótt var um framlag til að breyta fjölbýlum í einbýli og til viðhalds og endurbóta. Að fenginn tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að veita framlag til framkvæmdarinnar allt að 239.785.920 kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Framlagið er allt að 40% af áætluðum kostnaði. Verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins fagnar þessari niðurstöðu og þakkar framlagið.

Rætt var um nýtingu jarðhæðar Sólvangs og var einhugur um mikivægi dagdvala/dagþjálfunar fyrir aldraða. Um er að ræða nauðsynlega stoðþjónustu sem styður við þá stefnumörkun stjórnvalda að aldraðir geti búið sem lengst á eigin heimili. Í ljósi þess er lögð áhersla á að dagdvöl verði á jarðhæð Sólvangs og áfram verði sótt um fjölgun rýma til heilbrigðisráðuneytis. Sigurður Haraldsson upplýsti að hafist verði handa við verkfræðihönnun, útboðsgögn og kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Sólvangi. Hönnunarfundur verður fljótlega og verkið boðið út. Hönnun breytinganna verður kláruð á árinu 2019.

### 4. Bréf frá heilbrigðisráðuneytinu dagsett 23.janúar s.l. varðandi tímabundinn rekstur hjúkrunarrýma í eldra húsnæðis Sólvangs.

Borist hefur bréf frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem segir að vegna skorts á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu, fer ráðuneytið þess á leit við Hafnarfjarðarbæ að framkvæmdum við húsnæði gamla Sólvangs verði seinkað uns nýtt hjúkrunarheimili opnar við Sléttuveg í Reykjavík en húsnæði gamla Sólvang notað til tímabundins rekstur allt að 50 hjúkrunarrýma. Erindið fer til afgreiðslu í bæjarráði og kynningar í fjölskylduráði.

### 5. Önnur mál.

Rætt um listaverk í nýtt hjúkrunarheimili. Leitað verði eftir samstarfi við Hafnarborg og Byggðasafnið um uppsetningu á ljósmyndum og myndlist til að prýða hjúkrunarheimilið. Einnig verði leitað eftir samvinnu við væntanlega rekstraraðila um málið.

Ákveðið að farið verði í vettvangsferð í nýju bygginguna og jafnframt í eldra hús Sólvangs.

Fundi slitið kl. 13:00.

